

Forseti landsdóms  
Ingibjörg Benediktsdóttir  
Dómhúsi Hæstaréttar v/Arnarhól  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2010

Varðar: Skipun verjanda vegna málshöfðunarákvörðunar Alþingis frá 28. sept. sl. og fleira.

Mér hefur borist afrit af bréfi yðar til saksóknara Alþingis dags. 19. þ.m. þar sem þér farið þess á leit að saksóknari veiti umsögn um hina bréflegu kröfu mína frá 15. þ.m. um að mér verði skipaður verjandi án frekari tafar.

Ég vil með bréfi þessu mótmæla því harðlega að saksóknari Alþingis sé gerður að umsagnaraðila um kröfu mína um skipun verjanda. Fyrir slíku er engin lagastoð og í lögum hvergi gert ráð fyrir atbeina saksóknara að þeirri skipun. Vegna þessa er það enn dregið á langinn að ástæðulausu að skipa mér verjanda lögum samkvæmt.

Þá vil ég einnig lýsa furðu minni á því að fram kemur í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um landsdóm, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, að þær breytingar séu byggðar á tillögum forseta landsdóms til dóms- og mannréttindaráðherra. Ég tel afar óeðlilegt að forseti dómsins hafi afskipti af slíkum breytingum eftir að mál hefur verið höfðað á grundvelli laganna. Að lágmarki hefði átt að upplýsa mig eða eftir atvikum skipaðan verjanda minn um fyrirætlanir forseta í þessu efni.

Óska ég eftir upplýsingum um það hvort haft var samráð, munnlegt eða skriflegt, við saksóknara Alþingis um umræddar breytingar á lögum og fer fram á mér verði þegar send afrit af öllum samskiptum forseta landsdóms við saksóknara Alþingis sem og dóms- og mannréttindaráðherra vegna þessara tillagna.

Ég leyfi mér að senda yður hjálagt afrit tilkynningar sem ég sendi fjölmiðlum í gær vegna þessara mála.

Virðingarfyllst,